



LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Hverfisgötu 115 - Sími 569 9000 - Telefax 569 9099

Alþingi
Erindi nr. P 127/1091
komudagur 11.3.2002

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 7. mars 2002.

Umsögn Lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur farið yfir ofangreint lagafrumvarp og leggur til að orðalagi 1. gr. (a liður 39. gr. laga nr. 1/1997) verði breytt, þannig:

“Lögreglumanni, sem leystur er frá embætti sínu þegar hann er fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, skal reiknaður ellilífeyrir skv. 15. eða 24. gr. eftir því sem við á hverju sinni en þó þannig að lífeyrir skal reiknaður eins og hann hefði starfað til 70 ára aldurs.”


Ofangreind viðbót við texta ákvæðisins er í samræmi við texta í yfirlýsingu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra, sem fylgdi með breytingum á kjarasamningi fjármálaráðherra og Landssambands lögreglumanna, dags. 13. júlí 2001. Jafnframt er orðalagið hið sama og kemur fyrir í 3. gr. frumvarps til laga um breyting á lögreglulögum (494. mál). Í athugasemdum við þá grein segir m.a. svo:

“Kveður 3. gr. frumvarpsins á um að lögreglumenn skuli leystir frá embætti þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Með þessu er tekið af skarið um að lögreglumönnum verði skylt að hætta störfum þegar 65 ára aldri er náð. Er það því ekki valkvætt, hvorki af hálfu lögreglustjóra að bjóða lengri starfstíma né lögreglumanns að óska eftir því að starfa fram yfir það tímamark. Í ákvæðinu er lagt til að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að lögreglumenn hætti fyrr. Er þetta gert til þess að tryggja ákveðinn sveigjanleika um starfslok lögreglumanna, þannig að síðar megi jafnvel lækka aldurshámarkið enn frekar án þess að lagabreytingu þurfi til.”

Sem athugasemd við 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er vísað til hjálagðs ljósrits af umsögn embættisins til allsherjarnefndar vegna frumvarps til breytinga á lögreglulögum.

Að öðru leyti en að ofan greinir eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Ingimundur Einarsson,
varalögreglustjóri.